

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „áheita- og minningarsjóð Hóladóm- 1 kirkju“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 2. janúar 1953. 2. jan. Skipulagsskráin er þannig:**

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir áheita- og minningarsjóð Hóladómkirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir áheita- og minningarsjóður Hóladómkirkju.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til að vera áheita- og minningarsjóður, og er stofnfé sjóðsins 1100.00 kr. peningagjöf frá prestum í Hólastifti hinu forna.

3. gr.

Til eflingar sjóðnum er tekið á móti áheitum, minningargjöfum, frjálsum samskotum og öðrum gjöfum, sem sjóðnum kann að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að prýða Hóladómkirkju og umhverfi hennar og merkja staði, sem minna á þá höfuðbiskupa, sem þar hafa setið.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast þar, sem sjóðsstjórnin á hverjum tíma telur tryggilegt. Stofnfé sjóðsins má eigi skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn:

Prófasturinn í Skagafjarðarprófastsdæmi,

Sóknarpresturinn að Hólum,

Formaður sóknarnefndar Hólasóknar.

Fari svo, að sóknarpresturinn að Hólum sé kjörinn héraðsprófastur Skagafjarðarprófastsdæmis, tekur skólastjóri búnaðarskólans að Hólum sæti hans í stjórninni. Stjórnin kys sér formann og skiptir með sér störfum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn. Enn fremur skrá yfir eignir hans og tekjur. Reikning sjóðsins skal árlega leggja fyrir héraðsfund prófastsdæmisins til endurskoðunar og samþykktar. Reikning sjóðsins skal birta árlega í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

F. h. Hólanefndar.

**Guðbr. Björnsson,**

p. t. formaður.